

# Nóbelsverðlaun í hagfræði

Það er gleðilegt að fólk skuli sýna áhuga þeim sem hlutnast sá heiður að fá Nóbelsverðlaun í hagfræði. Oft má læra ýmislegt með því að skoða rök Nóbelsnefndarinnar. Síðastliðin átta ár hef ég í starfi mínu við Háskóla Íslands notast við bók þar sem Nóbelsverðlaunahafi 2021, Angrist, er annar höfunda. Framlag hans er m.a.



Helgi Tómasson

að hluta upprunnið frá D.B. Rubin og varðar ályktanir um orsakasamband. Slikar ályktanir hafa lengi verið tölfræðingum erfiðar og eru því ábendingarnar í bókinni mjög gagnlegar. Bókin, „Mastering Metrics“, er auðlæsileg og miklu léttari en hefðbundnar hagrannsóknarbækur. Þar eru tekin mörg samfélagslega mikilvæg dæmi og rætt um hvernig skuli nálgast þau.

## Borgar sig að fara í dýran háskóla?

Eitt slikt dæmi fjallar um gagnsemi þess að fara dýran háskóla (t.d. Harvard) í Bandaríkjum. Margir, þar á meðal skólarnir sjálfir, benda á að fimm árum eftir nám séu þeirra nemendur betur launaðir en aðrir með sambærilega menntun. Pessi ályktun byggist á tölfræðilegri villu sem bent er á í bókinni.

» Nóbelsverðlaun í hagfræði hafa oft verið veitt vegna aðferðafræði við ályktanir út frá mælingum. Nýleg dæmi um það eru verðlaunin 2021 og 2023.

starf. Stutta svarið í þessu tilfelli er að þeir sem völdu ekki dýra skólann stóðu sig mjög svipað hinum. Það er að segja áhrif skólans á tekjur eru hverandi. Ýmis önnur dæmi eru tekin og þannig fæst nothæft mat á ákveðinni meðferð. Petta mætti hafa í huga þegar er verið að meta áhrif af til dæmis gömlum berklahælum og vöggustofum. Hvernig fór fyrir þeim einstaklingum sem ekki fengu meðferðina? Best er að sjálfsögðu

það þarf að taka tillit til þess að nemendur velja skóla og skólinn velur nemendur, t.d. eftir einkunnum. Til að fá nothæfan samanburð þarf að nálgast verkefnið á annan hátt. T.d. þarf að skoða nemendur sem hefðu getað komist í dýra skólann en völdu annan og sjá hvernig þeim vagnar eftir fimm ára

## Launatekjur fólks með framhaldsskólamenntun

Eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu árið 2016, þúsundir bandaríkjadal\*

Tekjur

100

80

60

40

20

0

Aldur:

25

30

35

40

45

50

55

60

65

Karlar:  
— Giftir — Ógiftir  
Konur:  
— Giftar — Ógiftar

\*Á gengi ársins 2016. Heimild: IPUMS-USA, University of Minnesota.

að hafa sloppið við berklana og ekki þurft að fara á vöggustofu. Meðferðir á slíkum stofnunum hafa eflaust verið barn síns tíma og ekki boðlegar í nútímanum. En þetta voru þau úrræði sem samfélagið hafði þá. Lykilatriði er að þegar ályktað er um gæði meðferðarinnar þarf að tala tillit til þess að meðferðin er valin.

## Hlutverk hjónabands í launamun karla og kvenna

Árið 2023 fékk Claudia Goldin Nóbelsverðlaun. Mér hefði þótt skemmtilegt ef Thomas Sowell hefði fengið þau með henni. Þau hefja bæði sinn feril í fórnarlams-/mis-

réttismenningu (hann svartur, hún kona). Hagfræðimenntunin virðist hafa leiðrétt þetta að einhverju leyti. Sowell er nú algerlega andvígur kvóta fyrir svarta í fina háskóla og Goldin hefur gert sér grein fyrir að svigrúmið fyrir mismunun milli karla og kvenna í launum getur ekki verið mikil. Hugsanlega hefur hjálögð mynd hjálpað Goldin.

Myndin sýmir þróun fjögurra hópa eftir aldri, giftir/ógiftir og karlar/konur. Þrír hóparnir eru mjög svipaðir í launum en giftu karlarnir eru í sérflokki. Petta eru ekki duttlungar einhverra atvinnurekenda. Petta er útkoma úr vali launþega. Til dæmis

að hjónin ákveði við eldhúsborðið hvernig skuli hámarka tekjur heimilisins. Gift hjón hafa að meðaltali meiri tekjur en summan af ógiftum karli og ógiftri konu. Ábatinn er arðsemi verkaskiptingar í hjónabandi og hann bókfærir (oftast) beint sem tekjur á karlinn í skattframtíali. Hjónin í sameiningu (konan?) ákveða síðan hvernig tekjunum er ráðstafað. Allt tal um kynbundinn launamun er því misskilningur. Hinn raunverulegi munur er á milli giftra karla og hinna hópanna. Sennilega er sá munur vegna skynsamlegrar verkaskiptingar hjóna. Aðilar hjónabandsins njóta afraksturs verkaskiptingarinnar.

Það er fráleitt að láta sig gruna að launamunur kynja sé vegna vondra atvinnurekenda og að það sé nauðsynlegt að skikka þá til að kaupa rándýra jafnlaunavottun til að sanna sakleysi sitt. Á frjálsum vinnumarkaði geta hvorki launþegar né atvinnurekendur ákvarðað verð. Þeir verða að taka því verði sem markaðurinn skammtar þeim. Þegar markaðsverð er gefið myndast framboð og eftirsprung og markaðs- aðilar koma sér saman um ákveðið umfang viðskipta. Jafnlaunavottun gæti hugsanlega verið valkostur við miðlæga kjarasamninga en ætti fráleitt að vera skylda.

Höfundur er prófessor í hagrannsóknum og tölfræði.